



Fundur í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árneseinga, haldinn 8.október 2014 kl. 12:30 í Ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Ragnar Magnússon og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri.

1. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga. Þorsteinn Tryggvi Másson forstöðumaður kemur inn á fundinn.

Miklar áhyggjur eru af skorti á geymsluplássi Héraðsskjalasafnsins. Verið er að skoða hugmyndir að leiguhúsnæði m.a. í Þorlákshöfn og í Grímsnes- og Grafningshrepp. Settur er kr. 600 þúsund krónur í leigukostnað í fjárhagsáætlun vegna þessa. Þorsteinn hefur sent bréf til þingmanna Suðurlands til þess að vekja athygli á litlum framlögum til Héraðsskjalasafna í kjördæminu. Vonast er til að áfram fáiast rekstrarstyrkur frá Menningarráði Suðurlands ásamt styrk frá Sv.fél. Árborg vegna ljósmyndaverkefnis. Tillaga er um að hækka framlag Héraðsnefndar til Héraðsskjalasafns um 11% miðað við fyrra ár, 14,5% með kosntaði við nýtt geymsluhúsnæði.

2. Fjárhagsáætlun Listasafns Árneseinga. Inga Jónsdóttir forstöðumaður kemur inn á fundinn.

Inga fer yfir það sem er framundan á Listasafninu og áætlun starfseminnar árið 2015. Í rigningunum að undanförunu fór þak Listasafnsins að leka aftur. Inga fékk fagmann til þess að skoða þakið og reiknar hann með að viðgerð kosti 1 milljón króna. Tillaga er um hækkun á framlagi Héraðsnefndar til Listasafnsins um 11,7% miðað við fyrra ár.

Ninna Sif Svavarsdóttir yfirgefur fundinn kl. 14.

3. Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga. Lýður Pálsson forstöðumaður kemur inn á fundinn.

Lýður leggur fram og fer yfir starfsáætlun ársins 2015. Aukin opnun safnsins kemur vel út. Stærsta verkefni næsta árs eru uppsetning á sýningu í Kirkjubæ ásamt 250 ára afmæli Hússins. Tillaga er um 7% hækkun á framlagi Héraðsnefndar til Byggðasafnsins á milli ára.

4. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga. Helga Sighvatsdóttir aðstoðarskólastjóri kemur inn á fundinn.

Aukning er á framlögum frá Svf. Árborg og Bláskógabyggð vegna fjölgunar nemenda. Kjarasamningur við Tónlistarkennara er laus og verkfall tónlistarskólakennara skellur á 22.október ef ekki semst fyrir þann tíma. Ekki er hægt að gera fjárhagsáætlun út frá nýjum samningum. Tónlistarskólinn sendir erindi á öll aðildarsveitarfélög þegar kjarasamningur liggur fyrir og sveitarfél. þurfa þá að samþykka viðauka.

5. Fjárhagsáætlun Brunavarna. Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir koma inn á fundinn.

Pétur Pétursson fer yfir starfsemi og umfang Brunavarna Árneseinga. Fjárhagsáætlun Brunavarna gerir ráð fyrir 24,2 % hækkun á framlagi Héraðsnefndar miðað við árið áður.



6. **Fjárhagsáætlun Almannaþingar Árnæsýslu.** Kristján Einarsson kynnir fjárhagsáætlun ársins 2015 fyrir Almannaþingarnir. Gert er ráð fyrir óbreyttum framlögum Héraðsnefndar á árinu 2015.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.

Ari Björn Thoraraensen

Sveinn Steinarsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Ninna Sif Svavarsdóttir

Ragnar Magnússon

Ingibjörg Garðarsdóttir